

Neðangreint erindi óskast tekið fyrir á næsta sveitarstjórnarfundinum 20. janúar 2026.

Varðar deiliskipulag vegna íbúðabyggingar við Þingborg sem samþykkt var af sveitarstjórn Flóahrepps 30/11 2022.

Í greinagerð sem unnin var af EFLU og stimpluð var af Skipulagsstofnun 6/2 2023 kemur fram á bls. 21, **Umsagnaraðilar deiliskipulagstillögu;**

Skipulagsstofnun
Minjastofnun Íslands
Umhverfisstofnun
Vegagerðin
Heilbrigðiseftirlit Suðurlands

Sem sagt, hvergi minnst á Veiðifélag Flóamanna sem umsagnaraðila.

Nú er það svo að í landinu eru til lög um lax og silungsveiði, V. Kafli, 33. gr. hljóðar svo;

V. kafli. Um fiskvegi og aðra mannvirkjagerð í og við veiðivötn.

■ 33. gr. *Um heimild til mannvirkjagerðar í veiðivötnum.*

☐ Sérhver framkvæmd í eða við veiðivatn, allt að 100 metrum frá bakka, sem áhrif getur haft á fiskigengd þess, afkomu fiskstofna, aðstæður til veiði eða lífríki vatnsins að öðru leyti, er háð leyfi [Fiskistofu]. ¹⁾ Um byggingarleyfis- og framkvæmdaleyfisskyldar framkvæmdir fer einnig samkvæmt [skipulagslögum og lögum um mannvirki] ²⁾ og reglum settum samkvæmt þeim.

☐ Með umsókn framkvæmdaraðila eða landeiganda til [Fiskistofu] ¹⁾ um leyfi til framkvæmda við ár og vötn skulu fylgja álit viðkomandi veiðifélags þegar það á við og umsögn sérfræðings á sviði veiðimála um hugsanleg áhrif framkvæmdar á lífríki veiðivatns. Leyfi [Fiskistofu] ¹⁾ skal aflað áður en ráðist er í framkvæmd.

☐ Ef sérstök ástæða þykir til getur [Fiskistofa] ¹⁾ krafist þess að framkvæmdaraðili láti gera líffræðilega úttekt á veiðivatni áður en leyfi til framkvæmdar er veitt. [Fiskistofa] ¹⁾ getur í slíkum tilvikum kveðið nánar á um til hvaða þátta úttektin skuli ná.

☐ Kostnaður vegna nauðsynlegra líffræðilegra úttekta skal greiddur af þeim sem óskar eftir leyfi til framkvæmda. [Fyrir útgáfu leyfis skv. 1. málsl. 1. mgr. greiðist gjald samkvæmt gjaldskrá Fiskistofu, sbr. [5. gr. laga nr. 36/1992](#), um Fiskistofu, með síðari breytingum.] ³⁾

¹⁾[L. 81/2008, 8. gr.](#) ²⁾[L. 123/2010, 57. gr.](#) ³⁾[L. 67/2015, 13. gr.](#)

Veiðifélag Flóamanna Kt. 640402-4820 er veiðifélag sem samanstendur af 50 landeigendum á vatnasviði Flóaáveituskurðar ofan Þjóðvegur 1 og niður í sjó, Bitrulækur, Voli, Hróarsholtslækur, Baugstaðasíki og Baugstaðaós. Vatnasvæðið er leigt út til Stangaveiðifélags Selfoss kt. 620669-3019.

Bent skal á að í samþykktum Veiðifélags Flóamanna er eftirfarandi klausa í 4. grein: „Félaginu ber að vernda vistkerfi vatnafiska á félagssvæðinu og koma í veg fyrir að verklegar framkvæmdir eða önnur starfsemi skaði lífríki þess“.

Í ljósi þess að Flóahreppur hyggst hefja framkvæmdir við nýja íbúabyggð við Þingborg á bökkum Volans/Hróarholtsækjar og ekki var óskað umsagnar Veiðifélags Flóamanna á sínum tíma óskum við eftir eftirfarandi upplýsingum:

1. **Staðfest hnit og uppdrættir** fyrir hreinsivirki, lagnir og útrás/niðurfall.
2. **Staðfestar fjarlægðir** frá bakkamörkum/farvegi fyrir alla framkvæmdahluta – og sérstaklega hvort eitthvað sé innan **50 m frá árbakka**.
3. **Skýr lýsing** á hreinsistigi, afkastagetu (álagi) og rekstrarforsendum.
4. **Lausnir fyrir ofanvatn** og varnir gegn rofi/setflutningi við framkvæmdir og rekstur.
5. **Áætlun um bilunar- og yfirfallsvarnir** og viðbragðsferli (hver ber ábyrgð, tilkynningar, úrbætur).
6. **Tillaga að vöktun** á vatnsgæðum og áhrifum, í ljósi viðkvæms vistkerfi laxfiska.
7. **Hvert var fyrirkomulag um samráð í skipulagsferli** við hagsmunaaðila á vatnasvæðinu. Þ.e. Veiðifélag Flóamanna, leigutaka veiðiréttar sem er Stangaveiðifélag Selfoss, Fiskistofu, og Hafrannsóknarstofnun.

Skriflegt svar óskast við ofangreindum spurningum ásamt afriti af samráði við ofangreinda aðila.

Veiðifélag Flóamanna leggur áherslu á að samráð verði við félagið sem beinan hagsmunaaðila vegna nálægðar athafnasvæðisins við Vola/Hróarholtslæk.

Lambastöðum 12. janúar 2026.

Fyrir hönd stjórnar Veiðifélags Flóamanna
Almar Sigurðsson formaður